



*Fræðslurit
Krabbameinsfélagsins*

Mamma, pabbi, hvað er að?



Þegar mamma eða pabbi fær krabbamein hefur það áhrif á alla fjölskylduna. Hér er sagt frá því hvernig þetta snertir börnin og hvernig foreldrar og aðrir fullorðnir geta komið þeim til hjálpar.

Efnisyfirlit

Pabbi minn er veikur	3
Þegar barnið fær fréttirnar	3
Viðbrögð barna við sjúkdómum	5
Samvera á sjúkdómstímabilinu	8
Fullorðnir utan fjölskyldunnar	12
Það sem er mikilvægast	14
Ítarefni	15



Pabbi minn er veikur

Pabbi minn er mikið veikur. Hann er með hættulegan sjúkdóm sem heitir hvítblæði. Það er krabbamein.

Pegar ég fékk að vita þetta varð ég alveg ringluð og alls konar hugsanir þutu gegnum kollinn á mér. Ég held mér hafi fyrst dottið í hug að hann hlyti að deyja.

Stína, 12 ára.

Líf barna breytist þegar foreldrar þeirra veikjast alvarlega. Þótt þau virðist ánægð og leiki sér fylgja slíkum veikindum mikill kvíði og áhyggjur. Börn þarfnast því sérlega mikillar athygli og umhyggju svo þeim geti liðið eins vel og kostur er á.

Oft hafa foreldrarnir þó ekkert þrek aflögu við þessar aðstæður. Því er stuðningur frá afa og ömmu, vinum, nágrönnum, leikskólakennurum, grunnskólakennurum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, læknum eða prestum dýrmæt hjálp.

Þó að foreldrarnir hafi slitið samvistum og barnið búi ekki hjá þeim sjúka, er þetta engu að síður er erfiður tími fyrir barnið. Það á rétt á því að láta í ljós tilfinningar sínar þó svo að sambandið milli foreldranna sé ekki gott. Hvernig sem fjölskyldan er samsett hefur barnið þörf fyrir nána samveru og öryggi.

Pegar barnið fær fréttirnar

Hvers vegna á að tala við barnið?


Foreldrarnir velta því oft fyrir sér hvort og þá hvernig eigi að segja börnunum frá því að pabbi eða mamma sé með krabbamein. Þeir hika vegna þess að þeir vilja helst ekki hryggja þau eða valda þeim áhyggjum af framtíðinni.

Þó er mikilvægt að fjölskyldan tali um þessar nýtilkomnu aðstæður því sjaldan er hægt að leynd því fyrir börnunum þegar eitthvað er að. Þau skynja að pabbi og mamma eru áhyggjufull. Ímyndunaraflíð fær byr undir báða vængi ef þau fá ekki að vita hvers vegna og það er oft mun verra en raunveruleikinn. Afleiðingin verður sú að þeim finnst þau einangruð og óörugg.

Önnur mikilvæg ástæða til þess að tala við börnin er að þau eiga oft erfitt með að setja það sem þau sjá í samhengi. Þau skilja t.d. ekki að faðir sem virðist vera frískur geti verið með alvarlegan sjúkdóm, en móðir sem fer í stóran uppskurð geti alveg náð sér. Með því að vera móttækilegir fyrir spurningum barnanna geta fullorðnir bæði aukið skilning þeirra á aðstæðum og hlíft þeim við óþarfa kvíða.

Hvenær á að tala við barnið?

Engin algild regla er um það hvenær eða hvernig eigi að segja barni frá því að faðir þess



eða móðir sé með alvarlegan sjúkdóm. Algengt er að foreldrar dragi það á langinn en venjulega skynja börn mjög fljótt ef eitt-hvað er að. Bíði foreldrar of lengi er hættu á að barnið fái upplýsingar frá öðrum eða skynji sjálft hvað er að og er þá eitt með áhyggjur sínar.

Mörgum börnum er það gefið að geta tekið miklum sorgartíðindum. En öllu máli skiptir að þau séu hjá fullorðnum sem veita þeim umhyggju og sýna þeim skilning þegar tíðindin eru sögð.

Það róar börn að geta treyst því að hinir fullorðnu láti þau vita ef hið veika foreldri er að dauða komið. Barnið getur þá átt auðveldara með að einbeita sér að öðru.

Hvað á að segja barninu?

Áður en foreldrarnir tala við barnið sitt er mikilvægt að þeir ræði um það sín á milli hvað þeir ætli að segja því um sjúkdóminn þannig að barnið fái sömu útskýringar frá báðum. Best er að báðir foreldrarnir séu viðstaddir þegar barninu eru sagðar alvarlegar fréttir.

Margir eru óöruggir um hvernig best sé að segja frá sjúkdómnum. Taka verður tillit til þess að börn hugsa öðruvísi en fullorðnir. Þau ráða ekki við að fá að vita um allt í einu – sjúkdóminn, meðferðina og afleiðingarnar fyrir fjölskylduna. Þau verða því að fá upplýsingarnar smám saman.

Sé sjúkdómurinn lífshættulegur er mikilvægt að segja frá því að ekki sé öruggt að pabba eða mömmu batni þó svo að allt sé gert til að hjálpa þeim. Varast ber að vekja falskar vonir hjá börnum þótt freistandi sé að hlífa þeim um stundarsakir.

Barnið skynjar hvaða áhrif sjúkdómurinn hefur á daglegt líf fjölskyldunnar. Það vill gjarnan tala um hvers vegna mamma er þreytt, af hverju hún missir hárið eða hvers vegna pabbi er alltaf svona alvarlegur.

Börn geta alveg sætt sig við

að fá ekki svör við öllum spurningum sínum. Mikilvægast fyrir þau er einlægt og traust samband við fullorðna manneskju sem leyfir þeim að spyrja um allt og láta í ljós tilfinningar sínar, bæði gleði og sorg.

Viðbrögð barna við sjúkdómum

Börn geta sveiflast milli djúprar örvæntingar eina stundina og gáskafullra leikja hina. Ólíkt flestum fullorðnum geta þau ýtt áhyggjum sínum til hliðar verði þær of þungbærar. Örvæntingin hellist þó yfir þau aftur og börnin þarfnast eftir sem áður sérstakr-

ar umönnunar þótt þau virðist glöð og áhyggjulaus þá stundina.

Oft bregðast systkini með ólíkum hætti við sjúkdómi foreldra sinna. Hér er mikilvægt að hafa í huga að barn sem dregur sig inn í skel sína getur þarfnast jafnmikils stuðnings og barnið sem tjáir tilfinningar sínar opin-skátt.

Hvar varstu, mamma?

Ung börn sýna alltaf viðbrögð við aðskilnaði frá foreldrum sínum. Þau sakna pabba og mömmu hvort sem ástæðan er ferðalag, sjúkrahúsvist eða andlát og verða óörugg vegna þess að truflun verður á hversdagslífi þeirra.

Aðskilnaðurinn er erfiðastur



fyrir börn yngri en fjögurra ára sem enn eru mjög háð foreldrunum, sérstaklega móðurinni. Oft leggja þau fjarveru að jöfnu við dauða og eru hrædd um að foreldrið komi ekki aftur. Oft mót-mælir barnið, hátt í upphafi, en eftir nokkurn tíma virðist það hafa sætt sig við ástandið. Það hallar sér þá að heilbrigða foreldrinu, afa, ömmu eða öðrum fullorðnum.

Samhliða því að barnið er vonsvikið og reitt yfir aðskilnaði við þann veika kraumar söknuðurinn undir yfirborðinu. Vonbrigðin koma í ljós þegar pabbi eða mamma koma aftur heim og barnið þykist ekki kannast við mömmu eða pabba eða hreinlega sniðgengur þau. Með tímanum breytist hegðun barnsins aftur. Það kvartar, grætur og hangir utan í þeim sem var fjarverandi. Börn komast fyrir yfir söknuðinn ef foreldrarir sætta sig við að þau bregðist stundum harkalega við.

Börn eru oft mjög tilfinningarík. Jafnvel mörgum mánuðum eftir sjúkrahúsvistina getur það komið fram í spurningum eins og: „Hvar varstu mamma, hvers vegna varstu ekki hjá mér? Ég saknaði þín svo mikið“.

Það besta sem foreldrar geta gert er að sjá til þess að barnið sé í umsjá einhvers sem það treystir meðan sá sem er veikur er í burtu. Tíðar heimsóknir meðan á sjúkrahúsdvöl stendur og langar samverustundir á eftir hjálpa einnig.

Pissar aftur í buxurnar

Þegar ung börn eiga erfitt kemur oft fyrir að þeim fer tímabundið aftur í þroska og þau verða barnalegri en þau eiga að sér. Þau geta átt það til að fara aftur að pissa í buxurnar, sjúga þumal fingurinn, stama eða sífra líkt og smábörn. Þetta eru vísbendingar um að barn þurfi sérstaka umönnun.

Reiði og óþekkt

Stálpuð börn eiga einnig erfitt með að þola aðskilnað frá foreldrum sínum. Ef faðirinn eða móðirin er langdvölum á sjúkrahúsi getur söknuðurinn komið fram í reiði gagnvart því fólki sem gætir þeirra. Þau skammast og slá í örvæntingu til hinna fullorðnu. Börn geta einnig brugðist harkalega við þegar sá sem er veikur hefur t.d. ekki lengur þrótt til að fara með þeim á skíði eða lesa fyrir þau á kvöldin.

Á bak við þessar árásir er vanlíðan vegna þess sem gerst hefur og þær eru hróp á umhyggju og skilning. Eins og 10 ára stúlka lýsir svo vel með orðunum: „Þegar ég er óþekkt þá langar mig mest til að einhver sé góður við mig“.

Önnur algeng viðbrögð

Aðstæður heima fyrir geta haft mikil áhrif á börn þótt þau hafi ekki orð á því. Þau bregðast við sjúkdómi foreldris á margvíslegan hátt. Algeng viðbrögð eru t.d. að barnið:

- nagar neglur, fitlar, slær eða sparkar
- grætur eða er dapurt
- er ergilegt, reitt eða krefst mikillar athygli
- er myrkfælið eða hrætt við að vera að heiman
- fær martröð eða verður andvaka
- er lystarlaust eða fær í magann
- á erfitt með að einbeita sér
- óttast að hörmungar dynji yfir eða aðrir í fjölskyldunni veikist.

Ástæða er til að vera sérlega vel á varðbergi ef barnið:

- verður óeðlilega þægt
- einangrar sig
- skrópar í skólanum
- breytir hegðun sinni til hins verra í skóla eða leikskóla
- leikur sér ekki.

Þessi viðbrögð geta komið fram hjá barni sem er eitt með þungbærar hugsanir og þarfnast aðstoðar við að deila þeim með fullorðnum. Því er mikilvægt að foreldrar, leikskólakennarar og kennarar séu sérstaklega á varðbergi gagnvart breytingum á hegðun barnsins og ræði þær sín á milli. Gott samband milli heimilis og skóla eða leikskóla getur verið ómetanlegur stuðningur fyrir barnið.

Er þetta mér að kenna?

Börn geta ekki alltaf skilið á milli raunveruleika og ímyndunar. Þau halda að orð þeirra og óskir geti haft afdrifaríkar afleiðingar á umheiminn. Þau geta jafnvel verið sannfærð um að þau hafi valdið sjúkdómi pabba eða mömmu, vegna þess að þau hafi einhvern



tíma, eftir rifrildi, óskað þeim dauða. Þá ímynda þau sér að nú séu þau að fá refsingu sem þau eigi skilið.

Þótt börn hugsi þannig skilja þau samt sem áður visst samhengi hlutanna. En sektarkenndin verður skynseminni oft yfirsterkari og getur orðið mjög þungbær.

Samvera á sjúkdómstímabilinu

Nýjar spurningar vakna

Er krabbamein smitandi? Getur pabbi dáið meðan ég er í skólanum? Hvað gerir krabbameinið mömmu? Verður pabbi veikari ef ég hef hátt? Verður mér strítt í skólanum vegna þess að mamma er sköllótt?

Smátt og smátt vakna fleiri spurningar þegar barninu verður ljóst að pabbi eða mamma er með krabbamein. Barnið þarf að tala um þær hugmyndir sem það gerir sér um sjúkdóminn.

Oft óttast barnið að aðrir í fjölskyldunni verði fyrir alvarlegum áföllum eða fái hættulegan sjúkdóm. Útskýrið að ekki séu öll veikindi alvarleg. Það kann að róa barnið að vita að til dæmis slæmt kvef og flensa eru ekki lífshættulegir sjúkdómar eins og krabbamein getur verið. Ef engir aðrir í fjölskyldunni eru alvarlega veikir er mikilvægt að tala um það við barnið.

Munið að börn hafa ekki þörf

fyrir löng samtöl. Þau tala og gráta sjaldnast lengi í senn og eru oftast upptekin af líðandi stundu. Þau spyrja, fá svör, hlaupa síðan út að leika sér. Seinna vakna svo nýjar spurningar.

Snerting eykur öryggi

Þegar ræða á eitthvað þungbært gefur oft góða raun að halda utan um barnið, halda í höndina á því eða snerta það á annan hátt. Líkamleg nálægð segir betur en nokkur orð að „við erum saman núna, þú og ég, og mér þykir vænt um þig“. Oft finnur barnið til meira öryggis gagnvart hinum fullorðna ef það er í sömu augnhæð og hann.

Þegar börn spyrja ekki

Börn spyrja misjafnlega mikið. Kannski hafa þau þegar fengið svör við spurningum sínum. En þögn getur einnig verið merki um að barnið sé hrætt við þær sterku og óþekktu tilfinningar sem sjúkdómur pabba eða mömmu hefur vakið upp. Ef barnið treystir þeim fullorðna sem næstir því standa, þá vex því smám saman kjarkur og það þorir bæði að spyrja og sýna viðbrögð.

Yfirleitt fást börn ekki til að tala um tilfinningar sínar ef gengið er á þau. Fullorðnir geta bryddað upp á samtalinu með því að segja t.d. „mörg börn verða reið út í pabba sinn þegar hann er veikur“ eða „mörgum börnum finnst það

vera þeim að kenna ef mamma þeirra er veik“. Þannig er gefið í skyn að leyfilegt sé að tala um erfiðar tilfinningar. Íðulega gefur það barninu hugrekki til að tjá sig.

Fari fullorðnir undan í flæmingi með því að segja að „allt eigi eftir að fara vel“ þá getur það orðið til þess að barnið hætti að spyrja.

Þabbi og mamma elska þig

Öllum börnum er það mikilvægast að vita að foreldrunum þyki vænt um þau. Mörgu barninu reynist þó erfitt að skilja að það sé elskað þegar foreldrarnir hafa ekki jafnmikið þrek til að vera með því og áður. Börn þurfa að heyrja það aftur og aftur hversu

mikils virði þau eru, sérstaklega þegar foreldrarnir eru daprir, þreyttir eða óþolinmóðir. Einnig er gott að foreldrarnir útskýri af hverju þeir eru til dæmis óþolinmóðari eða uppstökkari en venjulega.

Almennt talað eru bæði börn og fullorðnir í minna jafnvægi og vanstilltari þegar eitthvað alvarlegt bjátar á. Jafnvel hversdagslegt verkefni eins og t.d. uppþvottur getur leitt til rifrildis og hurðaskella.

Spurningar forvitinna

Fyrir kemur að fullorðnir spyrji börn veikra foreldra ónærgætinna spurninga um sjúkdóminn af forvitni en ekki umhyggju. Við það geta börnin orðið hrædd og



ringluð, þar eð þau skortir þá vitneskju og innsæi sem þarf til að svara.

Það besta sem foreldrar geta gert er að hjálpa barninu við að búa til svör sem hægt er að nota við slíkar kringumstæður. T.d. „pabbi minn er með krabbamein og fær sterk lyf sem gera hann sköllóttan og þreytulegan. Læknarnir gera allt sem þeir geta til að hjálpa honum“.

Fari félagar barnsins að stríða því getur verið ráð að hjálpa því til að tala opinskátt um sjúkdóminn og meðferðina.

Leikur hjálpar barninu

Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að virkja sköpunargáfu sína meðan foreldrar þeirra eru veikir. Í leik láta börn í ljós tilfinningar sínar og gefa fullorðnum þannig færi á að skilja hvað bærast innra með þeim.

Lítill börn fara t.d. oft í læknisleik. Brúður og börn gegna þá hlutverki sjúklinga, lækna og hjúkrunarfólks. Í leik fá þau útrás fyrir þær hugsanir sem erfitt er að koma orðum að. Leikir með umbúðir, vökvapoka, slöngur og sprautur (án nála) geta verið ómetanleg hjálp fyrir barn sem er að vinna úr þeim erfiðu tilfinningum sem sjúkdómurinn hefur vakið upp.

Einnig teikna börn oft myndir sem lýsa nýrri aðstöðu fjölskyldunnar. Í mörgum tilvikum geta þessar teikningar verið góð byrjun á að tala við barnið.

Haldið venjulegum háttum

Börnum er öryggi í því að lífið hafi sinn vanagang eftir því sem við verður komið meðan foreldri er veikt. Hafið þó í huga að jafnvel stuttur aðskilnaður frá hinum veika getur vakið angist. Ekki er t.d. óvenjulegt að börn séu hrædd um að hann verði farinn þegar þau koma heim úr skólanum. Þegar um lífshættulegan sjúkdóm er að ræða getur barninu verið meira virði að vera heima en t.d. að fara í skólaferðalag. Þvingið ekki barnið til að fara að heiman. Séu foreldrarnir hvíldarþurfi er oft betra að fá einhvern til að koma og aðstoða við að gæta barnsins.

Þegar foreldri er deyjandi

Sé faðir eða móðir dauðvona er mikilvægt að barnið geti verið hjá þeim hinstu stundirnar. Ung börn vilja gjarnan tjá ást sína og umhyggju í verki, t.d. með því að gefa hinum veika myndir eða blóm. Með því fá þau mikilvægt hlutverk innan fjölskyldunnar í umönnun foreldrisins. Mörg stálpuð börn vilja hjálpa til við að hjúkra hinum veika.

Góðar minningar geta dregið úr sársauka barnsins ef foreldri þess deyr. Það kann að vera barninu mikils virði að hinn veiki skrifi bréf, tali inn á seglulband (t.d. ævintýri) eða láti gera myndband þar sem hann talar til barnsins.

Börn þurfa að fá að kveðja deyjandi ástvin, hvort sem um er



að ræða foreldri, systkini, afa, ömmu eða annan einstakling sem þau elska. Þetta skiptir miklu máli vegna úrvinnslu þeirra úr sorginni síðar. Þess vegna má alls ekki senda barnið í burtu síðustu dagana eða stundirnar, heldur verður það að eiga kost á að vera viðstatt andlát ef það vill það. Mikilvægt er að það hafi hjá sér einhvern fullorðinn sem það treystir.

Ef mögulegt er ætti kveðjuferlið að hefjast meðan hinn veiki er fær um að taka þátt í því. Hér hafa þeir sem annast hann og aðrir fullorðnir aðstandendur það mikilvæga hlutverk að styðja barnið og hjálpa því að finna bestu kveðjustundina.

Sorgin getur orðið mun erfiðari viðfangs þegar dauðsfallið ber brátt að en þegar barnið hefur haft tíma til að undirbúa sig undir missinn. Mikil reiði getur búið um sig hjá barni sem fær ekkert að vita. Verði foreldrið aftur frískt geta börn og fullorðnir glaðst yfir því saman.

Fullorðnir utan fjölskyldunnar

Þegar alvarleg veikindi koma upp í fjölskyldu hafa börnin sérstaka þörf fyrir stuðning frá starfsfólki leikskólans, grunnskólans eða öðrum fullorðnum sem eru því nákomnir. Algengt er að þau vilji hlífa foreldrum sínum og þurfi þess vegna að

tala við aðra fullorðna sem þau treysta.

Sé hinn veiki einstætt foreldri er afar mikilvægt að fá góða aðstoð við að annast bæði barnið og foreldrið.

Börn í slíkri aðstöðu hafa oft miklar áhyggjur af því hvað verði um þau ef pabbi eða mamma deyr. Systkini gætu óttast að vera skilin að. Sé sjúkdómurinn ólæknandi er mikilvægt að segja börnunum hvaða möguleikar eru á verustað til dæmis að búa hjá hinu foreldrinu, ættingjum, vinum eða á fósturheimili. Félagsmálastofnanir, félagsráðgjafar og barnaverndarnefndir geta gefið góð ráð og veitt aðstoð í þessum efnum.

Upplýsingar til leikskóla og grunnskóla

Kennarar og leikskólakennarar þurfa að fá skýrar upplýsingar um sjúkdóminn og meðferðina til að geta veitt barninu sem bestan stuðning. Til dæmis þurfa þeir að vita hvenær veika foreldrið er á sjúkrahúsi. Einnig gætu þeir þurft að eiga svör við beinum spurningum barnsins, t.d. sagt því að hárið vaxi aftur eftir lyfjameðferð eða að krabba-mein sé ekki smitandi.

Foreldrar geta annað hvort sjálfir rætt við kennarana eða beðið starfsfólk sjúkrahússins, heimilislækninn eða heimahjúkr-unarfólkið að sjá um það.

Kennarar verða að ráðgast við foreldrana um hvernig þeir skuli

tala við barnið um sjúkdóminn og hversu mikið eigi að segja því. Auk þess verða þau að ræða sín á milli hvort láta skuli vini barnsins vita um breytta aðstöðu fjölskyldunnar. Stálpuð börn eiga að fá að vera með í

ráðum um hvernig bekkjarsystkinum verði sagt frá sjúkdómnum. Íðulega óska þau eftir að sjá um það sjálf. Oft gefur góða raun að leikskólakennari eða kennari komi í heimsókn og ræði þessi mál við fjölskylduna.



Það sem er mikilvægast að hafa í huga þegar mamma eða pabbi fær krabbamein:

- Gefið ykkur tíma til að eiga saman notalegar stundir og snertast.
- Segið frá smátt og smátt og sleppið löngum útskýringum.
- Segið barninu aftur og aftur að þið elskið það og það eigi ekki neina sök á sjúkdómnum.
- Útskýrið að sjúkdómurinn geti gert pabba eða mömmu óþolinmóð og uppstökk.
- Leyfið barninu að tjá tilfinningar sínar – bæði gleði og reiði.
- Leyfið barninu að aðstoða og sýna umhyggju en íþyngið því ekki með hlutverki fullorðinna. Ekki hrósa því fyrir hugrekki.
- Gefið barninu tíma til að leika sér með vinum sínum og styðjið það til að tala um veikindin við þá.
- Munið að börn eru ekki bara í þörf fyrir umhyggju. Þau geta líka haft mikið að gefa fjölskyldu sinni sem glímur við veikindi.

Ítarefni

- Alex, Marleen og Benny: *Afi og ég tölum saman um dauðann*. Salt, 1984.
- Bragi Skúlason. *Von. Bók um viðbrögð við missi*. Hörpuútgáfan, 1992.
- Bragi Skúlason. *Sorg barna*. Kjalarnesprófastsdæmi, 1995.
- Dyregrov, Atle. *Sorg hos barn. En håndbog for voksne*. Sigma Forlag A/S, Bergen, 1992.
- Edvardsson, Gudrun. *Barn i sorg, barn i kris*. Natur och kultur, Stockholm, 1985.
- Guðrún Alda Harðardóttir. *Það má ekki vera satt*. Mál og menning, 1997.
- Karl Sigurbjörnsson. *Hvað tekur við þegar ég dey?* Spurningar um kristna trú, dauðann og eilífa lífið. Skálholtsútgáfan, 1993.
- Karl Sigurbjörnsson. *Til þín sem átt um sárt að binda*. Leiðsögn á vegi sorgarinnar, 2. útgáfa. Skálholtsútgáfan, 1995.
- Lindgren, Astrid. *Bróðir minn Ljónshjarta*. Mál og menning, 1984.
- Ólöf Helga Þór. *Sorgin í skólanum*. Ný menntamál, 2. tbl., 1995.
- Sigurður Pálsson. *Börn og sorg*. Skálholtsútgáfan, 1998.
- Skeie, Eyvind. *Sumarlandið. Frásaga um von*. Skálholtsútgáfan, 1995.

MAMMA, PABBI, HVAÐ ER AÐ?

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins

Byggt á *Hvad fejler du far?*,

útg. af danska krabbameinsfélaginu
(Kræftens Bekæmpelse).

Íslensk þýðing: Guðbjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi og fleiri.

Útgefandi: Krabbameinsfélag Reykjavíkur, 1999.

Ábyrgðarmaður: Guðlaug B. Guðjónsdóttir.

Myndir: Nemendur í 5. bekk Kópavogsskóla 1996,

Sigurður Þórir Ámundason (7 ára) og

Órn Alexander Ámundason (9 ára).

Prentvinnsla: Oddi hf.



Krabbameinsfélagið

Skógarhlíð 8, Reykjavík. Sími 540 1900.
Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.

www.krabb.is